

## Lóðin Austurvegur 54 og Tækjageymsla sem stóð á Hrísholti 9

**Málsaðili** : Smíðandi ehf.  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 22.03.2021  
**Númer** : 2103315  
**Flokkur** : 09.72 Lóðir og fasteignir

**Efni** : Gestur Már Þráinsson, fyrir hönd Smíðanda ON ehf, hefur óskað eftir afnotum að tækjageymslu í eigu Svf. Árborgar, en tækjageymslan bíður annars ákvörðunar um niðurrif. Tækjageymslan er hluti af húseiginni Hrísholti 9 en hefur ekki verið á fasteignamatsskrá. Hrísholt 9 hefur verið felld út af deiliskipulagi til samræmis við áform sem lýst var í yfirlýsingu Selfoskaupstaðar árið 1994 og húseignir sem þar stóðu falla nú á Austurveg 54 og Austurveg 56. Lóðinni Hrísholti 9 var á sínum tíma skipt upp og lóðin Austurvegur skilgreind og leigð út með lóðarleigusamningi til 50 ára þann 5. september 1994.

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri